

„Ég var ekki eins ein og mér hafði fundist áður“

Rætt við myndlistakomuna Michelle Bird sem einnig er gjaldkeri í stjórn Félags kvenna í atvinnulífinu á Vesturlandi

Listakonan Michelle Bird fluttist í Borgarnes árið 2014 og hefur komið sér þar vel fyrir í snotru einbýlishúsi með útsýni yfir Borgarfjörðinn og Hafnarfjallið. Michelle leggur fyrir sig myndlist og hefur liggað upp á vestlenskt samfélag með verkum sínum, sýningum, viðburðum og gjörningum. Hún er með mörg járn í eldinum og framundan eru ýmsir viðburðir sem hún stendur fyrir ásamt öðrum listamönnum. Hún segist eiga erfitt með að skapa ein, henni líður vel í hópi og vill deila listinni með öðrum. Til þess að kynnast samfélaginu og nýju fólki enn betur skráði Michelle sig í Félag kvenna í atvinnulífinu og situr þar í nefnd Nýrra Íslendinga og er einnig í stjórn Vesturlandsdeildar FKA.

FKA var mikilvægt skref

„Þú getur rétt svo ímyndað þér hversu krefjandi það er að læra tungumál þegar þú ert ekki virkur þátttakandi í samfélagi,“ segir Michelle þegar blaðamaður sest niður með henni á vinnustofu hennar við Sæunnargötu í Borgarnesi. Michelle skráði sig í FKA fyrir um þremur árum, þegar Covid var nýfarið að láta vita af sér. Hún segir það hafa verið mikilvægt skref fyrir sig til þess að kynna öðru fólki, fá hugmyndir og ráð, eiga samtali um list og fyrirtækjarekstur og fá tækifæri til þess að tala íslensku. „Fyrstu árin mín hér í Borgarnesi áttu ég hér góðan hóp af vinum sem hittust reglulega og það var ótrúlega gott fyrir sálina. En svo fór það einhvern veginn þannig í Covid að þau fluttust meira og minna öll í burtu, flest til útlanda en líka á aðra staði á Íslandi. Þótt ég haldi enn góðu sambandi við þau langar mig líka að vera þátttakandi í samfélaginu hér á Íslandi og í Borgarnesi og velji því fyrir mér hvað ég þyrfti að gera til þess að tengjast heimamönnum. Þá var mér bent á FKA og ég ákvað að skrá mig sem var mjög gott og mikilvægt skref fyrir mig til að tengjast öðrum konum. Og það var líka svo gott fyrir sálina að hitta konur sem margar hverjar eru skapandi eða eru að fást við svipaða hluti og ég. Hér í Borgarnesi var ég næstum því sú eina sem var að fást við listsköpun eða stóð fyrir listviðburðum en í FKA voru þá margar konur sem fengust við það sama og ég, þannig ég var ekki eins ein og mér hafði ég fundist áður.“

Nýir Íslendingar

Innan FKA eru ýmsar nefndir og þar á meðal nefnd Nýrra Íslendinga. Í þeirri nefnd er hópur kvenna sem stjóður sérstaklega við konur frá útlöndum, sem starfa nú á Íslandi. Michelle segir þann hóp vera mjög gagnlegan og ekki síður skemmtilegan. „Tilgangur hópsins er að mörgu leyti sá að leyfa konum að finna fyrir stuðningi og miðla alls kyns upplýsingum, eins og t.d. hvernig eigi að skrá sig til að sækja um í alls kyns sjóðum og hvaða sjóður henti best fyrir hvers kyns fyrirtæki. Við konur í þessum hópi höfum líka svo mismunandi reynslu til að deila áfram og svo hefur nefnd Nýrra Íslendinga staðið fyrir alls kyns viðburðum sem veita gott tækifæri til að hittast, tala saman og kynnast,“ segir Michelle sem situr nú í stjórn umræddrar

nefndar auk þess að vera gjaldkeri í stjórn FKA á Vesturlandi.

Fundirnir voru ákveðið íslenskunám

Michelle tók við sem gjaldkeri FKA á Vesturlandi síðastliðið haust þegar ný stjórn var mynduð. Fyrstu vikurnar á eftir voru annasamar þar sem nefnd Nýrra Íslendinga fundaði tvisvar í mánuði og nefnd FKA á Vesturlandi fundaði einnig tvisvar í mánuði. „Þetta eru margir fundir, það er mikið í gangi og margt sem þarf að skipuleggja. Og fyrir mig sem útlending hefur verið svoltið erfitt að fylgja öllu á fundunum, þar eru t.d. fullt af orðum sem ég nota ekki í daglegu tali þannig það var svoltið íslenskunám fyrir mig fyrst um sinn að sitja fundina og læra ný orð. Það gerist líka oft allt svo hratt á þessum fundum, það er margt sem þarf að ákveða og gera og skipuleggja og kannski þegar ég er loksins búin að skilja hvað er verið að biðja um þá er þegar einhver búinn að taka að sér að sjá um það verkefni,“ segir Michelle og hlær. „En þar eru rosalega þolinmóðar að hafa mig þarna með sér. Og þar sem það býr mikið af útlendingum á Vesturlandi er mikilvægt að þeir sjái að FKA geti einnig höfðað til þeirra.“

Alltaf elskað að mála

Michelle segist sem sjálfstætt starfandi ekki fá mörg tækifæri til þess að tala íslensku, bæði vinni hún mikið ein á vinnustofu sinni við listsköpun en hún býður þó einnig upp á myndlistarnámskeið og hópelli. Það séu oft erlendir gestir sem komi til hennar í hópfelli eða á námskeið og talar hún þá yfirleitt ensku eða ítölsku. Hún talar einnig reiprennandi hollensku og getur bjargað sér í þýsku.

Michelle flutti til Hollands á tunda áratugum og sótti þar listnámi. Í framhaldinu fór hún í starfsnámi hjá hollenska myndlistarmanninum Anton Martineau og var lærlingur hjá honum í þrjú ár. Þá stofnaði hún sína eigin listastofu í Hollandi og fór að mála sjálf. Hún er víðforlur og hefur sýnt verk sín í fjölmörgum löndum, tekið þátt í hópsýningum og haldið fyrirlestra í skólum og á listviðburðum. „Ég lærði að mála hjá listmálara sem er mjög gamaldags leið til að læra eitthvað,“ segir Michelle um tíma sinn sem lærlingur hjá Martineau. „Mér hefur alltaf fundist gaman að mála og hef gert mikið af því alveg frá því ég var barn. Þabbi minn var einnig flinkur með pensilinn og málaði mikið,“ segir Michelle og sýnir blaðamanni pensil sem hún erfið frá föður sínum. Áður en hún svo flutti til Íslands hafði hún búið í Sviss um árabil og var með sína eigin vinnustofu þar.

„Ég mæli með því að vera listamaður“

„Lífið sem listamaður er svo fjölbreytt af því ég er ekki bara að búa til og selja listaverk. Ég er líka að bjóða upp á námskeið, halda utan um viðburði og alls kyns verkefni. Ég mæli með því að vera listamaður, ég elska allt við það,“ segir Michelle aðspurð um starfð og dagleg verkefni. Þá nefnir hún frelsið við það að geta ráðið tíma sínum og verkefnum sjálf og geta



Michelle er með vinnustofu sína heima hjá sér að Sæunnargötu í Borgarnesi. Hér heldur hún á pensli sem faðir hennar átti en hann var einnig fær máleri.

oft ákveðið dag frá degi í hvað hún ver sínum tíma. Hún sé þó að reka fyrirtæki og þá þurfi að ganga í öll verk. „Ég sé um mitt eigið bókhald og bý til allt markaðstengt efni sjálf og auglýsi mig. Svo held ég námskeið, skipulegg þau og hanna og bý til upplýsingabækling um það sem í námskeiðinu felst. Svó hef ég umsjón með ákveðnum listviðburðum og er þar vanalega með mörg járn í eldinum í einu,“ segir Michelle sem er þessa dagana að gera klárt fyrir samsýninguna Sæt listaverk fæðast, en hún er haldin í Listahúsinu í Borgarnesi 25. mars nk. „Svona sýningar eru mjög mikilvægar því þar gefa fólk færi á að koma og sjá og tengja við listina og upplifa hvernig lífið í listinni er. Það sama á við um námskeiðin mín, þau gefa fólk tækifæri á að spegla sig í listinni og kannski kveikja sköpunargleðina. Þegar ég mála er ég ekki að mála til að selja heldur er ég að mála af því það er eitthvað innra með mér sem ég þarf að koma frá mér. Og ég er mjög ánægð með að annað fólk tengi við mínar tilfinningar og mína sköpun. Þegar fólk fær tækifæri til þess að skapa eingöngu fyrir sig sjálf, án þess að það séu einhverjar kvaðir eða pressa um að skila af sér verki, er það oftan en ekki mjög þakklátt. Það er mín upplifun af þeim sem setið hafa námskeið hjá mér af því að fólk hefur oft ekki tíma í daglegu amstri til að gera neitt bara fyrir sig sjálf, það er alltaf eitthvað sem liggur þar að baki.“

Vinnan verður að vera þroskandi

Után vinnu segist Michelle njóta þess að vera úti í náttúrunni, hitta vini, elda góðan mat og prófa nýjar uppskriftir. Henni líður vel í Borgarnesi, þar sé gott fólk og falllegt landslag. „Ég fæddist í stór-borginni San Francisco svo það er aldrei viðbrigið að þurfa bara að keyra í tvar mínútur til að komast út í náttúruna en það gat stundum tekið hátt í fimm klukkutíma að komast út úr San Francisco,“ segir Michelle en eins og gefur að skilja



vinnur hún við sitt helsta áhugamál. „Vinnan er svo ótrúlega stór og tímabreytt hluti af lífi fólks og þess vegna er svo mikilvægt að vinna veiti þér gleði og sé þroskandi fyrir þig sem einstakling. Á hverjum degi vel ég að vera listamaður því það veitir mér ákveðið sjálfræði. Ætli það sé ekki það sem mér finnst einna best við starfið.“

Michelle er ánægð með veru sína í Borgarnesi, þar gengur henni vel að sinna listinni. „Það er fullt af skapandi og hæfileikaríku fólki hérna og það er duglegt að sækja hjá viðburði sem haldnir eru. En það vantar kannski helst stöðugleika og menningararlífið. Sá stöðugleiki gæti til demis fengist með því að fá í samfélagið fólk sem hefur menntun eða reynslu af því að viðhalda menningu eða menningarlífi í lengri tíma. Svo eignum við ekki samfélags- eða menningarmiðstöð hér í Borgarnesi og það finnst mér vera nauðsynlegt til að byggja upp öflugt og stöðugt menningarlíf,“ segir Michelle.

Að miðla reynslu

Nú í byrjun mars var sýnileikadagur FKA haldinn í þriðja sinn. Það er viðburður fyrir félagskonur þar sem í boði eru fræðandi eða hagnýt örnámskeið og ýmis erindi og kynningar. Michelle bauð þar upp á örnámskeið þar sem hún sýndi konum hvernig má með auðveldu móti taka upp og búa til stuttmynd

með Iphone síma. „Ég er ekkert frá-bær í því en ég er alveg nógu góð og það var ótrúlega gaman að taka þátt í sýnileikadeginum með þessum hætti og deila minni þekkingu. Konurnar voru líka svo ánægðar með að læra eitthvað svona auðvelt. Og þetta var líka gott tækifæri fyrir mig til að halda áfram að afa mig í íslenskunni og finna út hvort að fólk skilji mig á íslensku af því ég er oftast ein og veit stundum ekkert hvernig ég hljóma,“ segir Michelle.

Þá bætir hún við að það sé ómetanlegt að finna hvað vinnkonur hennar í FKA eru velviljaðar, reynslumiklar og ráðagóðar. „Mín tilfinning er sú að þarna eigi ég greiðan aðgang að konum á öllum aldri sem eru tilbúnar til þess að miðla sinni reynslu og þær gefa svo mikið af sér og eru tilbúnar að gefa ráð ef þú vilt fá þau og það er ómetanlegt,“ segir Michelle og heldur áfram. „Ráð eru svo mikilvæg og það er gott að geta spurt hvernig eigi að gera ákveðna hluti eða fá nýja sýn á sínar hugmyndir. Það er bara þreytandi að þurfa að finna út úr öllu sjálf. Og við aðrar konur á Vesturlandi vil ég segja: Við þurfum á hverri annarri að halda. Finnið ykkur vettvang til þess að kynnast öðrum konum, hvort sem það er í FKA eða annars staðar. Það er svo gott að eignast nýja vini og geta deilt með þeim lífinu, miðlað reynslu og komið á framfæri nýjum hugmyndum.“